



# Samantekt skv. 4. gr. samnings milli Sambands Íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 2018

Önnur skýrsla – yfirlit yfir árið 2020



## Inngangur

Þann 29. júní 2018 var undirritaður samstarfssamningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (UAR) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningurinn fól í sér endurskoðun á samningi frá 27. nóvember 2015. Í 4. gr. samningsins segir að árlega skuli sambandið skila yfirliti til ráðuneytisins um stöðu helstu verkefna og áherslur fyrir komandi ár. Yfirlitið skal innihalda greinargerð um það hvernig sambandið framkvæmdi þau verkefni sem tilgreind eru í 2. gr.

Skýrslu vegna liðins árs skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Vegna mikils annríkis í upphafi þessa árs var óskað eftir því að frestur yrði veittur til 1. febrúar og féllst ráðuneytið á þá beiðni.

Undir 2. gr. samningsins falla eftirfarandi verkefni:

1. Ráðgjöf til sveitarfélaga um svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs. Stefnt verði að því að öll sveitarfélög verði komin með uppfærða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og rammatilskipun um úrgang, í lok árs 2019.
2. Almenn vöktun og miðlun upplýsinga um þróun stefnumótunar ESB og löggjafar um umhverfismál og möguleg áhrif á íslensk sveitarfélög.
3. Vöktun og miðlun upplýsinga um þróun úrgangsmála í Evrópu og möguleg áhrif stefnu og löggjafar ESB á íslensk sveitarfélög.
4. Ráðgjöf til íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir í loftslagsmálum, með hliðsjón af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
5. Miðlun upplýsinga til íslenskra sveitarfélaga um aukna sjálfbærni.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir því hvernig unnið var að þessum verkefnum á árinu 2020 og einnig rakið hvaða málefni eru efst á baugi fyrir árið 2021 eftir því sem við á.

## 1. Úrgangsmál

Verkefnisstjórn sveitarfélaga um úrgangsmál fundaði sjö sinnum á árinu. Í verkefnisstjórn áttu sæti í lok árs 2020: Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU bs., formaður, Freyr Ævarsson, verkefnastjóri umhverfismála, Múlaþingi, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, verkefnisstjóri, Reykjavíkurborg, Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands, Ína Björk Ársælsdóttir, umhverfisfulltrúi Húnaþings vestra og Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri Köllu á Suðurnesjum.

### Samtal sambandsins og ráðuneytisins

Úrgangsmál voru í brennidepli í starfsemi sambandsins á árinu. Umfang verkefna í úrgangsmálum hefur aukist mjög að undanförunu og kom lögfræðingur á lög- og velferðarsviði inn í verkefnið í meira mæli á árinu. Reglulegir fundir sambandsins og UAR hófust í maí um fyrirhugað frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs. Vinnan tengist innleiðingu tilskipana ESB um hringrásarhagkerfið inn í íslenskan rétt.

Drög að stefnu í úrgangsmálum bárust til umsagnar í júlí 2019 og veitti sambandið ítarlega umsögn um málið í byrjun september sama ár. Frumvarpið og stefnan voru enn í vinnslu í lok árs og áttu sambandið og UAR fund um miðjan nóvember um fyrirbyggjandi drög sem til stendur að leggja fram á vorþingi 2021. Á fundinum



lagði sambandið m.a. sérstaka áherslu á bættu úrgangstölfræði, að horft yrði sérstaklega til uppbyggingar innviða hérlendis til meðhöndlunar úrgangs og að unnið verði að frekari innleiðingu framleiðendaábyrgðar þar sem hagræna hvata vantar í mörgum tilfellum til að tryggja bættu úrgangsstjórnun, draga úr úrgangsmýndun og auka endurnotkun og endurvinnslu.

Sambandið kom að gerð kostnaðarmats vegna fyrirhugaðra breytinga á kröfum til sérsöfnunar sem ætlunin er að frumvarpið inniberi. Unnar voru tvær greiningar, sú fyrri í mars sem unnin var í samstarfi við tuttugu valin sveitarfélög og sú síðari í september sem byggir á svörum við könnun sem send var til allra sveitarfélaga.


## Nýjar samnorrænar flokkunarmerkingar

Fyrir tilstuðlan UAR hófst í byrjun árs samtal um þátttöku Íslands í innleiðingu samræmdra norrænna merkinga við flokkun úrgangs. Merkingarnar byggja á danskri fyrirmynd frá 2017 og er tilgangur þeirra að upplýsingar um flokkun og söfnun úrgangs séu alls staðar eins. Niðurstaðan var að FENÚR, fagráð um endurnýtingu og úrgang, tók málið að sér. Formaður félagsins er jafnframt starfsmaður sambandsins og situr hann fundi Nordic pictogram project group sem í sitja fulltrúar allra Norðurlandanna fyrir Íslands hönd. Verkefnið fékk styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að aðstoða við innleiðingu og móta samstarf landanna og er fulltrúi Svía í hópnum í forsvari fyrir þá styrkveitingu. Danir veittu hinum Norðurlöndunum heimild til að nýta merkingarnar og eru þær gjaldfrjálsar auk þess sem þær hafa hingað til verið valfrjálsar en í Danmörku gætu orðið breytinga á því.

FENÚR gaf út íslenska útgáfu af norrænu merkjunum 25. nóvember og hélt ráðstefnu í kringum þann viðburð með aðkomu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins en ráðuneytið styrkti verkefnið. Fulltrúinn sat fund Municipal Waste Europe (MWE) með Mattia Pellegrini, sem fer fyrir úrgangsteymi ESB (DG ENV, Head of Waste Unit), þann 17. desember og sagði frá innleiðingu merkjanna hérlendis. Fundurinn var að frumkvæði ESB sem er að skoða möguleika þess að nýta merkin í allri Evrópu. Ekki er hægt að segja annað en að þessu verkefni hafi verið mjög vel tekið hér á landi og er greinilegur vilji til að bæta samræmi við söfnun og meðhöndlun úrgangs.

## Samtal við Umhverfisstofnun um ýmis mál

Í kjölfar bréfa Umhverfisstofnunar til allra sveitarfélaga á landinu í janúar um magn og endurvinnsluhlutfall þeirra ákvað verkefnisstjórnin á fundi sínum þann 13. mars að óska eftir því við Umhverfisstofnun að stofnaður yrði sameiginlegur úrgangstölfræðihópur. Stofnunin tók vel í erindið og fundaði hópurinn sjö sinnum á árinu. Í tengslum við umræður hópans sótti stofnunin ásamt Hagstofnunni um styrk til Eurostat til að bæta úrgangstölfræði á landinu. Búast má við að niðurstöður umsóknar liggi fyrir í byrjun árs 2021. Jafnframt hefur stofnunin



unnið að nýrri framsetningu á gögnum niður á hvert sveitarfélag í samstarfi við úrgangstölfræðihópinn. Sambandið átti jafnframt nokkra fundi með SASS en samtökin fengu styrk til að vinna að bættri úrgangstölfræði í gegnum svokallað Úrgangstorg.

Í janúar funduðu fulltrúar sambandsins og UST um verkferla við afgreiðslu á umsóknum um starfsleyfi fyrir urðunarstaði og breytingar á starfsleyfum starfandi urðunarstaða. Á fundinum var einnig rætt um eftirlit stofnunarinnar og kostnað við það. Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á að skil á gögnum vegna vöktunar og eftirlits starfræktra og aflagðra urðunarstaða til UST verði einfölduð og skoðaðar verði forsendur fyrir því að staðla þau í meira mæli og draga úr kostnaði. Verkefnisstjóri tók saman minnisblað um málið og fundað var með UST í nóvember vegna innheimtu stofnunarinnar vegna eftirlits starfræktra og aflagðra urðunarstaða. Þar kom fram að stofnunin vinnur að breytingum á verklagi við tímaskráningu og innheimtu. Sambandið telur að bæta megi gegnsæi við gjaldheimtu vegna eftirlits sér í lagi í ljósi niðurstöðu frumkvæðisathugunar umboðsmanns Alþingis frá 2019 varðandi opinbert eftirlit þar sem kom í ljós að ríkisstofnanir eru í meira mæli að innheimta gjöld vegna starfa sem fela í sér rækslu lögbundinna verkefna og því velt upp hvort í einhverjum tilfellum þurfi að koma til frekari lagaheimilda sem uppfylla kröfur stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimild.

Sambandinu barst í mars fyrirspurn UST um utanumhald sambandsins um gildandi svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs á landinu. Ástæða fyrirspurnarinnar var að misbrestur hefur verið á að áætlanirnar berist stofnuninni en skv. 6. gr. laga



nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal sveitarstjórn senda UST upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Stofnunin sendi sveitarfélögunum í nóvember 2017 beiðni um að svæðisáætlunum sé skilað á ákveðnu formi í þjónustugátt Umhverfisstofnunar. Svæðisáætlanir þurfa skv. 1. mgr. 6. gr. ofangreindra laga að fylgja stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs og stefnan er enn í undirbúningi. Það var álit sambandsins að þörf væri á stuðningi við sveitarfélög við gerð svæðisáætlana eftir að stefnan liti dagsins ljós. Fulltrúi sambandsins hélt erindi og tók þátt í viðburðum á árinu með fulltrúum sveitarfélaga, m.a. á höfuðborgarsvæðinu og NA-landi, í tengslum við svæðisáætlanavinnu og innleiðingu hringrásarhagkerfis.

## Hagrænir hvatar og framleiðendaábyrgð

Aukin framleiðendaábyrgð og endurgjald Úrvinnslusjóðs var ofarlega á dagskrá sambandsins á árinu þar sem nýta þarf hagræna hvata til bættrar meðhöndlunar og aukinnar endurvinnslu. Tveir fulltrúar sambandsins sitja í stjórn sjóðsins. Verkefnisstjórnin fundaði tvisvar á árinu með framkvæmdarstjóra Úrvinnslusjóðs um málið og ræddi m.a. verðskrá endurgjalds sjóðsins, tíðni breyting á verðskránni og hvernig nýta megi sjóðinn betur sem stjórn tæki sem styður við úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Engar upplýsingar eru til staðar í dag um kostnað við meðhöndlun úrgangs héraendis sem framleiðendaábyrgð nær yfir og hversu mikið af endurgjaldi og flutningsjöfnun Úrvinnslusjóðs rennur til sveitarfélaga með beinum eða óbeinum hætti. Í verðskrá var í sumum tilfellum greitt sama endurgjald óháð ráðstöfunarleiðum, þ.e. hvort sem úrgangurinn er sendur til endurvinnslu eða orkuvinnslu en á árinu urðu breytingar til betri vegar hvað það varðar. Fram kom á fundi verkefnisstjórnarinnar með sjóðnum að framleiðendaábyrgð á stærri hluta meðhöndlunarferilsins, þ.e. söfnunarkostnaði líka og á fleiri úrgangstegundum myndi þjóna hagsmunum sveitarfélaganna og í því samhengi hafa verið nefndir úrgangsflokkar á borð við glerumbúðir, málmumbúðir, veiðarfæri, dýnur og textíll. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tók málefni Úrvinnslusjóðs einnig til umfjöllunar á sérstökum vinnufundi í byrjun desember þar sem fulltrúar sambandsins í stjórn sjóðsins gerðu grein fyrir starfsemi sjóðsins og áherslum sínum á þeim vettvangi.

Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs tóku upp samtal í mars um samning Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um móttöku veiðarfæra sem er frá 2005 en samningurinn er óuppsegjanlegur af hendi sjóðsins nema að komi til brota á honum. Með samningnum nýttu SFS heimild 3. mgr. 8. gr. laga um úrvinnslugjald nr. 62/2002 um að fyrirtækjum og atvinnugreinum sé heimilt að semja við Úrvinnslusjóð um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs veiðarfæra úr gerviefnum, enda þjóni það markmiðum laganna. Í október

gerði sambandið könnun í gegnum Hafnasamband Íslands á meðhöndlun veiðarfæra og notkun. Niðurstöður hennar bentu til að fáar hafnir þekki samninginn og nýti móttöku SFS á veiðarfæraúrgangi, einnig var gagnaskilum SFS til Úrvinnslusjóðs ábótavant og starfsleyfi fyrir móttökunni ekki fyrir hendi. Ljóst er að þörf er að taka upp samninginn sér í lagi vegna aukinna krafna sem koma fram í tilskipunum ESB um hringrásarhagkerfi.

Á árinu vann fjármálaráðuneytið drög að frumvarpi um urðunarskatt. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála sátu fund um málið þann 29. júní sl. ásamt fleiri hagsmunaaðilum. Afstaða sambandsins til þeirra fyrirætlana komu fram í umsögn sambandsins um frumvarp nr. 129/2019 um breytingar á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, dags. 28. ágúst 2019 og í umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020, dags. 20. október 2019. Málið hefur einnig verið til umræðu í tengslum við gerð samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál og er álagning urðunarskatts m.a. hluti að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Fallið var frá frá álagningu urðunarskatts í bili og eru þær hugmyndir ekki hluti af fjárlagafrumvarpi 2021. Á fundi verkefnisstjórnarinnar 9. nóvember ræddi stjórnin við Unga umhverfissinna um málið þar sem þau hafa sýnt því áhuga og varð af því gagnlegt samtal.

## COVID-19

Verkefnisstjóri kynnti minnisblað sambandsins um mat Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra á nauðsynlegum innviðum úrgangsmála í maí. Samstarf sambandsins, UST og Almannavarna komst á í mars um vöktun úrgangsméðhöndlunar og aðgerðir til að tryggja rétta meðhöndlun úrgangs á neyðarstigi vegna heimsfaraldurs COVID-19. UST vann áætlun um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi í samræmi við kafla 8.41 í landsáætlun Ríkislögreglustjóra og sóttvornalæknis vegna heimsfaraldurs auk þess sem stofnunin hefur gefið út verklagsreglur sama efnis. Almannavarnir hugðust gefa út leiðbeiningar um meðhöndlun úrgangs á neyðarstigi í byrjun apríl í samráði við sambandið en ákveðið var að falla frá þeirri vinnu en beina sjónum frekar að nauðsynlegum innviðum. Sambandið og UST svöruðu stöðluðum spurningum Almannavarna þess efnis þrisvar á árinu eftir að hafa unnið úr svörum við könnun til sveitarfélaga, þjónustuaðila, sorpsamlaga, starfsleyfishafa urðunarstaða og annarra sem koma að úrgangsmálum. Verkefnisstjóri átti í töluverðum samskiptum á árinu vegna þessa máls við ýmsa aðila.

## Fráveitumál

Fulltrúar sambandsins áttu ásamt Samorku fundi með UAR á árinu um endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp og stuðningskerfi við fráveituframkvæmdir og







forgangsstöðun aðgerða. starfshópur um stuðning ríkisins við fráveituf framkvæmdir skilaði tillögum í janúar og reglugerð um úthlutun styrkja vegna fráveituf framkvæmda var birt í desember. Sambandið og Samorka boðuðu til sameiginlegs fundar í byrjun janúar 2021 með sveitarfélögunum og öðrum þeim sem koma að fráveitumálum til að kynna reglur um stuðning ríkisins við sveitarfélög vegna fráveituf framkvæmda.

Verkefnisstjóri sat í vinnuhópi um aukna fræðslu í fráveitumálum ásamt fulltrúum Heilbrigðiseftirlitanna, Samorku, Veitna og Norðurorku sem stofnaður var að undirlagi UST í mars. Afrakstur verkefnisins var kynnt á Alþjóðlega klósettdeginum 19. nóvember og opnuð vefsíðan [www.klosettvinir.is](http://www.klosettvinir.is).

## Ýmis önnur úrgangsmál

Fulltrúar sambandsins komu að fundum UAR og samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um uppbyggingu brennslustöðvar fyrir úrgang. Þeir hafa jafnframt komið að undirbúningi rafrænnar málstofu um sama mál í byrjun árs 2021 þar sem m.a. voru kynntar niðurstöður greiningar UST á þörf fyrir brennslu hérlandis.

SSH hóf árinu greiningu um forsendur samræmdar úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu og hafði sambandið aðkomu að greiningunni.

Verkefnisstjóri ásamt fulltrúa verkefnisstjórnar sátu tveggja daga námskeið í desember um endurnotkun sem kallaðist *Re-use & Repair Online Study Tour for Municipalities and Public waste companies*.

Fulltrúar sambandsins óskuðu eftir samtali við UAR um kostnað sveitarfélaga vegna ökutækja. Svo virðist sem ósamræmi sé í lögum um úrvinnslugjald 162/2002 og reglugerð sama efnis um hver skal fá skilagjaldið til sín sem verður til þess að sveitarfélög (heilbrigðiseftirlit) sem þurfa að hreinsa upp bíla sem eru skildir eftir víða fá ekki skilagjaldið til sín til að standa undir kostnaði heldur rennur það beint til eigenda og ef eigandi er ekki þekktur þá verður gjaldið eftir í kerfinu og sveitarfélagið situr uppi með kostnaðinn.

Allt frá því að SORPA bs. sótti um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í byrjun árs 2018 hefur ríkt óvissa um hvaða lögbært stjórnvald ætti að gefa út starfsleyfi fyrir GAJA og er enn. Fyrir liggur úrskurður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins síðan í júlí og athugasemdir Matvælastofnunar við starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar frá því í september. Verkefnisstjórnin fundaði um málið í nóvember og er það enn óleyst.





Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga

Í tengslum við riðusmit í Skagafirði á árinu reyndi á innviði úrgangsmála í landinu til að meðhöndla dýrahæ og sóttmengaðan úrgang. Verkefnisstjórnin fundaði með fulltrúum Bændasamtaka Íslands og Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins um málið.

Fulltrúi sambandsins sat í starfshópi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um aðgerðir gegn matarsóun. Starfshópur skilaði tillögum að 24 aðgerðum til UAR júní.

Í ágúst óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir samtali við sambandið um lokaútfærslur aðgerðaáætlunar ríkisins gegn plastmengun sem byggir á tillögum samráðsvettvangs um málið frá 2018. Áætlunin var svo gefin út 8. september undir heitinu Úr viðjum plastsins.

Frá því í nóvember hefur staðið yfir vinna við að taka saman helstu sjónarmið sem koma fram í núgildandi stefnumörkun sambandsins 2018-2022, skýrslu starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum frá 2016 og umsögnum sambandsins að undanfögnu um ýmis mál tengd úrgangsmálum. Auk þess hefur verið rýnt í hagsmuni sveitarfélaga og þær áherslur sem koma fram í núgildandi regluverki úrgangsmála og þær sem koma fram í tilskipunum Evrópusambandsins um Hringrásarhagkerfið. Verkefnisstjórnin mun vinna áfram með drög að leiðarljósum í úrgangsmálum sveitarfélaga sem er afrakstur þessarar vinnu.

## 2. Málefni ESB

### Samstarf um Evrópumál

EES-reglur hafa bein áhrif á sveitarfélög og vinnur sambandið að hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög í nánu samstarfi við evrópsk hagsmunasamtök sveitarfélaga, CEMR, sem sambandið er aðili að. Sambandið telur brýnt að fylgjast með undirbúningi stefnumótunar, löggjafar og annarra ákvarðana ESB sem geta haft áhrif á íslensk sveitarfélög og koma sjónarmiðum á framfæri eins snemma og mögulegt er í ákvörðunarferli mála. Einnig er nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn og sérfræðingar sveitarfélaga viti hvað er í farvatninu þegar þeir taka mikilvægar ákvarðanir sem varða íbúana. Þróunar- og alþjóðasvið

sambandsins vinnur að ofangreindum málum og hefur verkefnisstjóri sambandsins í umhverfis- og úrgangsmálum komið að málum er varða umhverfis-, loftslags- og úrgangsmál. Hafa fulltrúar sambandsins m.a. setið í sérfræðingahópi CEMR um loftslags- og orkumál. Reglulegt samtal sambandsins, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins hófst í desember og mun á þeim vettvangi vera rædd ýmis EES-mál sem snúa að umhverfismálum.

Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að samtökunum Municipal Waste Europe sem eru evrópsk regnhlífarsamtökin sem standa fyrir ábyrga úrgangsstjórnun. Verkefnisstjóri sótti nokkra rafræna stefnumótunarfundi samtakanna á árinu þar á meðal fund samtakanna með fulltrúum ESB um samræmdar merkingar eins og að framan greinir. Á árinu styrkti sambandið greiningu Municipal Waste Europe á magni og kostnaði vegna rusls á víðavangi. Greiningin tengist innleiðingu lágmarkskrafna um framleiðendaábyrgð sem koma fram í tilskipunum ESB um hringrásarhagkerfið þar sem gert er ráð fyrir að ábyrgð framleiðenda og innflytjenda nái einnig til vörunnar ef hún ratar ekki í söfnunarkerfi.

### Áherslur ESB

Grænn sáttmáli fyrir Evrópu er eitt fyrirferðamesta málið á dagskrá framkvæmdastjórnar ESB á árinu en Evrópuþingið staðfesti hann í janúar. Stefnt er að 55% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 auk þess sem sáttmálanum er gert að tryggja kolefnislausu Evrópu árið 2050. Einnig að aðlaga samfélög og efnahagskerfi Evrópu að áhrifum loftslagsbreytinga. Framkvæmdastjórn ESB vinnur um þessar mundir að nýrri aðgerðaáætlun í tengslum við aðlögun að loftslagsbreytingu. Upphaflega var stefnt að því að hún yrði tilbúin í lok árs en nú má búast við henni fljótlega í byrjun nýs árs. Aðlögun að loftslagsbreytingum er mikilvægt mál fyrir sveitarfélög þar sem afleiðingar þeirra, t.d. eignatjón





vegna aukinna flóða og áhrif á innviðauppbýggingu, fellur að stórum hluta undir ábyrgð og verkswið sveitarstjórna. Verndun náttúruauðlinda og líffræðilegs fjölbreytileika Evrópu er einnig hluti af sáttmálanum og þá skipar vernd hafnsins einnig stóran sess í samningnum. Í sáttmálanum er einnig lögð áhersla á nýsköpun og nútímavæðingu hagkerfa og iðnaðar Evrópu þar sem sköpun nýrra starfa og aukin samkeppnishæfni Evrópu eru lykilhugtök.

Aðgerðaáætlun um innleiðingu hringrásarhagkerfisins var samþykkt í mars. Hringrásarhagkerfið, úrgangsmál og neysla eru allt málaflokkar sem snerta sveitarfélög með beinum hætti og því mikilvægt að innleiðing og framkvæmd hringrásarhagkerfisins sé í fullu samræði við evrópsk sveitarfélög. Aðgerðaráætlun hringlaga hagkerfisins er hluti af iðnaðaráætlun ESB en þar er lögð áhersla á:

- **Hönnun og ending vara.** Framkvæmdastjórnin mun leggja til löggjöf til að tryggja að vörur sem settar eru á markað ESB séu hannaðar til að endast, auðveldara sé að endurnýta og endurvinnna þær, gera við auk þess er stefnt að því að endurunnið efni verði aðal hráefni í vörum. Einnota vörur og ótímabær úrelding verður takmarkað og eyðing óseltra varanlegra vara bönnuð.
- **Neytendur eflid.** Neytendur munu hafa aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um atriði eins og endurbætur og endingu vara til að hjálpa þeim að stunda vistvæn innkaup. Neytendur munu njóta góðs af „rétti til viðgerðar“.
- **Tryggja breytingar í greinum sem nota mestar auðlindir og þar sem möguleikar á hringlaga hagkerfi eru miklir.** Framkvæmdastjórnin mun hefja sérstakar aðgerðir hvað varðar: búnað vegna rafeindatækni og upplýsingatækni, rafhlöður og farartæki, umbúðir, plast, textíl og bygginga- og niðurrifisúrgang.
- **Minnka myndun úrgangs.** Áherslan verður á að forðast sóun og nýtingu aukaafurða. Framkvæmdastjórnin undirbýr samræmt líkan fyrir ESB fyrir sérstaka söfnun úrgangs og merkingar.

Í aðgerðaáætlun eru einnig nokkrar aðgerðir til að lágmarka útflutning ESB á úrgangi og takast á við ólöglegan flutning milli landa. Framkvæmdastjórn ESB samþykkti í desember 2020 nýjar reglur um útflutning, innflutning og flutning plastúrgangs innan ESB. Reglurnar taka gildi í byrjun nýs árs og kveða á um bann við útflutningi á plastúrgangi frá ESB til ríkja utan OECD nema ef um er að ræða hreinan plastúrgang sem sendur er til endurvinnslu. Janframt er hert eftirlit með útflutningi plastúrgangs frá ESB til OECD landa og innflutningi til ESB. Þessar reglur munu



einnig gilda hér á landi og kann að vera tilefni til að horfa m.a. sérstaklega til þeirra í starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Sambandið leggur áherslu á að horfa þarf til sveitarfélaga sem samstarfsaðila í innleiðingu Græna samningsins og hringrásarhagkerfisins og tryggja að þau hafi yfir að ráða traustri fjárhagslegri getu til að takast á við breytingar sem þeim tengjast.

### 3. Loftslagsmál og sveitarfélög

#### Almennt

Alþingi hefur fullgilt Parísarsamninginn og falið ríkisstjórn framfylgd hans. Samningurinn byggir að stærstu leyti á sameiginlegri ábyrgð aðildarríkjanna á að halda hlýnun af mannavöldum innan 2°C og eins nálægt 1.5°C og mögulegt er. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld, bæði á ríkis- og



sveitarstjórnarstigi, vinni saman og geti sýnt fram á góðan árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlaga samfélagið að þeim breytingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga. Sveitarfélög hafa í sífellt ríkara mæli beint sjónum sínum að loftslagsmálum allt frá því að Reykjavíkurborg reið á vaðið 2009 og samþykkti fyrstu stefnu sveitarfélags í málaflokknum. Síðan þá hefur borgin endurskoðað stefnu sína og árið 2017 tók borgarstjórn ákvörðun um að borgin verði kolefnishlutlaust samfélag árið 2040. Akureyrarkaupstaður hefur samþykkt að verða kolefnishlutlaust samfélag árið 2030. Bæði þessi sveitarfélög eru þátttakendur á vettvangi Covenant of Mayors for Climate and Energy. Sveitarfélög hafa einnig unnið með *Festu - miðstöð um samfélagslega ábyrgð* að því að ná aukinni samvinnu í loftslagsmálum.

Samband íslenskra sveitarfélaga á tvo fulltrúa í loftslagsráði. Þar sitja f.h. sambandsins Hrönn Hrafnadóttir frá Reykjavíkurborg og Ragnar Frank Kristjánsson frá Borgarbyggð en í lok árs tók Sveinn Margeirsson frá Skútustaðahreppi við keflinu af Ragnari. Hrönn kom m.a. að útgáfu skýrslu loftslagsráðs Að búa sig undir breyttan heim sem kom út í janúar. Sitjandi fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn um gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum er Eygerður Margrétardóttir starfsmaður sambandsins. Endurnýjuð Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2020-2030 var kynnt í júní. Eygerður er jafnframt fulltrúi sambandsins í starfshópi um stefnumótun um aðlögun að loftslagsbreytingum sem fundaði í fyrsta skipti í byrjun desember. Er stefnunni ætlað að vera grundvöllur að gerð heildstæðrar áætlunar um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Við vinnuna á starfshópurinn m.a. að horfa til ofangreindrar skýrslu, vísindaskýrslna um afleiðingar loftslagsbreytinga á íslenskt samfélag og náttúru og stefnumótunar og aðgerða nágrannaríkja Íslands varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum. Mikilvægt er að sveitarstjórnarstiginu hefur með þessum hætti verið tryggður þátttökuréttur í stefnumótun um loftslagsmál og funda fulltrúar sambandsins í þessu starfi reglulega til að tryggja gott upplýsingastreymi og samhæfingu.

## Samstarfsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmiðin

Samstarfsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun var settur á laggirnar þann 19. júní 2019. Samstarfsvettvangnum er ætlað að efla og styrkja sveitarfélögin til samstöðu og samtals um þessa málaflokka með því að:

- Miðla þekkingu og reynslu til og á milli sveitarfélaga.
- Greina og grípa tækifæri til samstarfs Kanna tækifæri til sameiginlegrar þróunar á aðferðum til að mæla árangur.
- Leita leiða til að greiða fyrir aðgengi sveitarfélaga að

fjármagni.

- Leita leiða til að greiða fyrir aðgengi sveitarfélaga að fjármagni.
- Tryggja aðkomu sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun reglna og áætlana á þessu sviði.

Á fimmta tug sveitarfélaga hafa skuldbundið sig til að taka þátt í samstarfinu og tekið undir yfirlýsingu þess efnis sem send var til allra sveitarfélaga. Fulltrúum sveitarfélaga býðst að taka þátt í reglulegum tengiliðafundum og innra starfi vettvangsins. Á árinu setti COVID-19 nokkuð strik í virkni vettvangsins en hingað til hefur samstarfsvettvangurinn meðal annars haldið utan um málstofur og ráðstefnur tengdum loftslagsmálum og innleiðingu heimsmarkmiðana á sveitarfélagastigi. Haldnar voru tvær ráðstefnur á árinu. Sú fyrri var í mars um heimsmarkmiðin í tengslum við sóknaráætlanir sem kallaðist „Finnum samnefnara!“. Sú síðari fjallaði um starf sveitarfélaga að loftslagsmálum undir heitinu „Hvaða verkfæri þurfa sveitarfélögin til að draga úr losun?“. Sveitarfélögum hefur boðist að taka þátt í tveimur vinnuhópum samstarfsvettvangsins, annar um heimsmarkmiðin og hinn um loftslagsmálin og funduðu vinnuhóparnir nokkrum sinnum á árinu.

Verkfærakista sveitarfélaganna í loftslagsmálum

Á tengiliðafundi samráðsvettvangsins í nóvember 2019 var sérstök vinnustofa um væntingar sveitarfélaga til loftslagsáætlana sveitarfélaga þar sem þeim var með lagabreytingu í júní sama ár gert að móta loftslagsstefnu fyrir sinn rekstur svipað og ríkistofnunum. Niðurstaða vinnustofunnar var að sveitarfélögin ættu að vinna saman að loftslagsmálum og leggja áherslu á samráð og þátttöku sem flestra, einnig að sveitarfélögin vinni samskonar losunarbókhald og að markmið og aðgerðir í loftslagsmálum séu skýr, tímasett, raunhæf og mælanleg. Þessar niðurstöður voru nýttar til að sækja um í Loftslagssjóð í janúar á þessu ári en sambandið ásamt Umhverfisstofnun og Landvernd skiluðu umsókn í sjóðinn í janúar 2020 um styrk til að vinna rafræna verkfærakistu í loftslagsmálum fyrir rekstur sveitarfélaga.

Þó verkefnið hafi ekki hlotið styrk þá nýttist þessi umsóknarvinna mjög vel þegar kom í ljós að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafði áhuga á að styrkja verkefnið í tengslum við Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030. Aðgerðaáætlunin segir til um 48 aðgerðir til að ná markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og er verkfærakistan hluti af G hluta áætlunarinnar sem kallast „Hvatar til umskipta“ en þar er gert ráð fyrir að sveitarfélögin vinni loftslagsstefnu, aðgerðaáætlun og skili losunarbókhaldi fyrir sinn rekstur til Umhverfisstofnunar árlega. Ráðuneytið fól sambandinu ábyrgð á gerð





**GARÐAÚRGANGUR**



**MATARLEIFAR**



**NYTJAHLOTIR**



**GLER OG POSTULÍN**



**PAPPÍR**



**BYGGINGARÚRGANGUR**



**PAPPI**



**RAF- OG RAFEINDATÆKI**



**ÁHÆTTUÚRGANGUR**



**PLAST**



**MÁLMAR**



**BLANDAÐUR ÚRGANGUR**



Handbók um samræmdar merkingar fyrir söfnun úrgangs á Íslandi kom út undir lok árs 2020. Í henni er að finna upplýsingar um íslenska útfærslu af samnorrænum merkingum fyrir flokkun og söfnun úrgangs og notkun þess. FENÚR, fagráð um endurvinnslu og úrgang leiddi gerð íslensku útgáfunnar.

verkfærakistunnar í samstarfi við UST og stofnaður var stýrihópur um verkefnið með fulltrúum sambandsins, UAR og UST í september. Ráðgjafastofa var ráðin til að halda utan um vinnuna og stefnt er á að Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum líti dagsins ljós vorið 2021.

Markmið verkfærakistunnar er fyrst og fremst að styðja og styrkja sveitarfélög við að rækja hlutverk sitt í mótun loftslagsstefnu sem þeim er gert skv. lögum. Unnið verður með sveitarfélögum að mótun hennar m.a. í gegnum Samstarfsvettvang sveitarfélaga í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum og vinnuhópnum um loftslagsmál. Afurðir verkfærakistunnar eru ferns konar:

- Lounarreiknir
- Sniðmát fyrir stefnu og aðgerðaáætlun
- Hugmyndabanki - hugmyndir að aðgerðum til að draga úr losun
- Fræðslu og kynningarefni – bæði fyrir sveitastjórnarfolk og starfsfolk sveitarfélaga

Afurðir verkfærakistunnar verða aðgengilegar á netinu og gert er ráð fyrir að hægt sé að bæta við hana eftir því sem vinna sveitarfélaga að loftslagsmálum þróast. Svo sem í tengslum við landsskipulagsstefnu sem nú er í mótun en þar er lögð áhersla á loftslagsmiðað skipulag. Í desember var sótt um styrk í Loftslagssjóð til áframhaldandi þróunar á verkfærakistunni, þá sér í lagi til að þróa fræðslu og kynningarefni. Búast má við að úthlutun úr sjóðnum verði í mars 2021 og ef fjármagn fæst verður verkfærakistan þróuð enn frekar með þarfir sveitarfélaganna í huga á næstunni.

## 4. Miðlun þekkingar um sjálfbærni

Annar tveggja tengiliðafunda sem sambandið stóð fyrir á vettvangi Samstarfsvettvangs sveitarfélaga um heimsmarkmið og loftslagsmál var tileinkaður heimsmarkmiðunum. Hann fór fram í Mosfellsbæ í byrjun mars undir heitinu „Finnum samnefna“. Sérstök áhersla var á þeim fundi að nýta heimsmarkmiðavinnu í Sóknaráætlunum landshluta fyrir innleiðingu markmiðanna í sveitarfélögum. Heimsmarkmiðin koma fram í sóknaráætlunum sveitarfélaganna. Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála var með kynningar á árinu m.a. í Garðabæ og á Suðurnesjum í tengslum við vinnu að heimsmarkmiðunum á þeim svæðum. Þess ber að geta að sveitarfélögin hafa getað skráð vinnu að heimsmarkmiðunum á vefsíðu heimsmarkmiðana, [www.heimsmarkmidin.is](http://www.heimsmarkmidin.is), og hafa nokkur bæst við á árinu.

Innan sambandsins stóð yfir á árinu kortlagningu á ákjósanlegum mælikvörðum á innleiðingu heimsmarkmiðana fyrir íslensk sveitarfélög. Horft var m.a. til vinnu Kópavogsbæjar sem hefur verið í tengslum við OECD um mótun mælikvarða heimsmarkmiðana sem passa sveitarfélögum. Reykjavíkurborg hefur valið að nálgast heimsmarkmiðin í gegnum innleiðingu á staðli „World Council City Data“ fyrir sjálfbærar borgir, ISO 37120, sem Kópavogsbær hefur einnig innleitt. Í nóvember ákvað forsætisráðuneytið að stofna formlega samstarfsvettvang á milli ríkis og sveitarfélaga um heimsmarkmiðin. Þetta er gert í samræmi við ábendingu OECD í tengslum við þátttöku Kópavogsbæjar í OECD verkefni um innleiðingu heimsmarkmiðanna á sveitarstjórnarstigi. Búast má við að



kortlagning sambandsins á mælikvörðum sveitarfélaga nýttist í áframhaldandi vinnu innan samstarfsvettvangsins.

Sambandið á fulltrúa í verkefnisstjórn forsætisráðuneytisins um innleiðingu heimsmarkmiðana og er m.a. fyrirhugað að nýta afgangsfjárveitingu verkefnisstjórnar forsætisráðuneytisins til að gefa út handbækur um innleiðingu heimsmarkmiðanna fyrir annars vegar sveitarfélög og hins vegar fyrir fyrirtæki. Vonast er til að þeirri vinnu verði lokið á næsta ári.

## 5. Önnur verkefni

Sérfræðingur sambandsins um úrgangsmál og umhverfismál hefur átt aðkomu að fjölmörgum öðrum verkefnum á árinu. Má þar nefna aðkomu að undirbúningi ársfundar UST með náttúrustofum og náttúruverndarnefndum sveitarfélaganna sem fyrirhugaður er í byrjun næsta árs og fólst undirbúningurinn m.a. í framkvæmd könnunar sem send var sveitarfélögunum. Sambandið innleiddi stefnu og aðgerðaáætlun um samfélagslega ábyrgð 2019 og hefur verkefnistjóri komið að vinnu við að taka saman grænt bókhald í tengslum við það. Einnig má nefna setu hans í verkefnahópi ANR Áfangastaðurinn Ísland sem snýr að innleiðingu verkefna til að auka þolmörk ferðabjónustu, setu í vinnuhópi Húsnæðis og mannvirkjastofnunar Byggjum grænni framtíð um vistvæn mannvirki og setu í Íslensku vatnafræðinefndinni.

Sérfræðingur sambandsins kom að vinnslu fjölmargra annarra verkefna, m.a. umsagna um þingmál. Sem dæmi má nefna umsagnir um neðangreint:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-innleiðing), mál nr. 329/2019.
- Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, plastvörur), 720. mál
- Frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (viðaukar), 436. mál
- Drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, mál nr. 193/2020.
- Frumvarp um átak í fráveitumálum, 776. mál.
- Tillögur orkustefnunefndar um orkustefnu til ársins 2050: Sjálfbær orkuframtíð.





---

Önnur skýrsla til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins  
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2021/02  
Borgartúni 30 – Pósthólf 8100  
128 Reykjavík  
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Forsíðumynd: [unsplash.com/Landon Arnold](https://unsplash.com/LandonArnold)  
Aðrar myndir: Unsplash og Pexels  
Febrúar 2021



